

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Kristínar Einarsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2010.

Fni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála, með síðari breytingum. (575. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum laganna um gæðamál og tryggingarfjárhæðir.

Mikið hefur gengið á í kjölfar bankahruns og hefur rekstrargrundvöllur margra fyrirtækja orðið erfiðari. Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur hafa ekki farið varhluta af þeirri breytingu sem orðið hefur á íslensku samfélagi með miklum samdrætti og minnkuðum kaupmætti. Dregið hefur verulega saman í viðskiptum hjá ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum og hefur ofangreint frumvarp verið sett fram til þess að koma að hluta til móts við þær skrifstofur sem hafa lennt í samdrætti í viðskiptum. Endurskoðun á tryggingum til samræmis við breytingar á viðskiptum fyrirtækisins getur haft veruleg rekstrarleg áhrif á fyrirtækin, til hins betra. Undanþága sú er frumvarpið kveður á um hefur ekki í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð svo ekki eru neikvæð áhrif af þessari breytingu í þá áttina.

Frumvarpið felur einnig í sér breytingar á 9. gr. laganna, laga um skipan ferðamála. Sú breyting er gerð að til að öðlast leyfi til rekstrar samkvæmt lögnum skal liggja fyrir staðfest ábyrgðartrygging frá váttryggingafélagi. Þessi breyting tryggir frekar rétt þeirra sem kaupa þjónustu af ferðaskrifstofur eða ferðaskipuleggjanda og gerir viðskipti því öruggari.

Önnur breyting sem gerð er á 9. gr. laganna er sú að bætt er við g.lið sem felur í sér að þeim sem sækir um leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu er gert að búa yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt að mati Ferðamálastofu. Hér er um mjög matskennda reglu að ræða og skortir öll viðmið í það mat sem hér skal fara fram. Ekki eru frekari kröfur til þekkingar eða starfsreynslu gerðar í lögnum og né heldur með skýrum hætti í reglugerð. Til að tryggja gagnsæi í framkvæmd laganna og tryggja jafnræði meðal leyfisumsækjanda verður að setja fram ákveðin grunnviðmið um hvað felist í nægilegri þekkingu eða starfsreynslu og að slíkt sé innan skynsamlegra marka.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands